

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/925
komudagur 10.12.2010

Reykjavík, 9. desember 2010.

Athugasemdir Félags heyrnarlausra vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Félag heyrnarlausra gerir athugasemdir við að í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra er ekki með neinum hætti kveðið á um rétt heyrnarlausra og heyrnarskertra og annarra þeirra sem af öðrum ástæðum hafa þörf fyrir að fá þjónustu á íslensku táknmáli.

Í þessu sambandi er vísað til skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, (Vistheimilisnefnd Róbert Spanó) áfangaskýrslu nr. 1, könnun á starfssemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992 og skýrslu sem Félag heyrnarlausra gaf út í nóvember 2008 um málefni heyrnarlausra einstaklinga með frekari fötlun. Þar kemur fram „að ekki hafði tekist að aðlaga þjónustu á sviði geðheilbrigðis- og félagsmála að þörfum heyrnarlausra notenda. Þau úrræði sem í boði höfðu verið reyndust ómarkviss og höfðu ekki náð tilætluðum árangri þrátt fyrir góðan vilja. Var talið að rekja mætti það til þekkingarskorts fagfólks á sviði geðheilbrigðis- og félagsmála á málefnum heyrnarlausra, svo sem táknmáli, menningu og sögu þeirra.“

Afskipti Félags heyrnarlausra af málefnum heyrnarlausra með frekari fötlun hefur farið ört vaxandi síðustu ár. Í málefnum einstaklinga sem Félag heyrnarlausra hefur haft afskipti af hefur vanmáttur „kerfisins“ sem tryggja á fötluðum þjónustu jafnan birtst í því að dreginn er í efa réttur þessara einstaklinga til þjónustu á grundvelli táknmáls og nauðsyn þess að sú þjónusta fari fram á táknmáli. Afleiðing þessa er að þau úrræði sem almennt er boðið upp á verða ómarkviss og ná ekki tilætluðum árangri. Hefur Félag heyrnarlausra m.a. þurft að beita sér fyrir því að einstaklingar sem hvað verst eru settir geti fengið þjónustu hjá sérhæfðri stofnun í Svíþjóð. Til að tryggja heyrnarlausum þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra leggur Félag heyrnarlausra ríka áherslu á að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir.

2. gr. núgildandi laga nr. 59/1992 er svohljóðandi.:

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og

heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 2. gr. og að hún verði svohljóðandi.:

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. **Þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir og þeir sem af öðrum ástæðum hafa þörf fyrir táknmál fá skuli eiga rétt á þjónustu**

á íslensku táknmáli.

Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

Í 12. gr. frumvarpsins segir: „Í stað orðanna „eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla, nr. 48/1991“ í 19. gr. laganna kemur: sbr. lög um leikskóla.“

Félag heyrnarlausra leggur til að við 19. gr. laga verði svohljóðandi.:

Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu, sbr. lög um leikskóla. Heyrnarlaus og heyrnarskert börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á sérhæfðum leikskólum eða móðurskólum sem tilnefndir eru á hverju þjónustusvæði og reknir eru af sveitarfélögum en fá fjárstuðning frá ríkinu vegna sérhæfingar og ráðgjafarþjónustu á landsvísu. [s1]

Nánari rökstuðningur og útskýring á 19. gr.

Staða Döff barna þ.e. sem tala táknmál og eiga það sem sitt fyrsta mál eða móðurmál ásamt íslensku (tvítyngi) er afar ólík stöðu allra annarra barna. Mikil hætta er á að máltaka þeirra bregðist eða veikist verulega ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir og réttur þeirra til máls skýlaust tryggður. Í tilviki Döff má líkja málréttindum við mannréttindi. Mannréttindi Döff barna verða þannig einungis tryggð með því að lög tryggi að þau eignist móðurmál. Börnin, sem um ræðir, eiga í flestum tilvikum ekki foreldra eða fjölskyldu sem tala mál sem þau hafa aðgang að. Það er þess vegna mikilvægt að þau geti tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar og notað það í daglegu lífi sínu en læri jafnframt íslensku. Börnin mega þá líta á bæði málin sem móðurmál sín, þróa þau og þjálfar sig í notkun beggja málanna. Hér er gert ráð fyrir uppbyggingu á málumhverfi í kringum börnin með talið kennslu til fjölskyldna þeirra í íslensku táknmáli og kennslu um máltöku og hlutverk táknmáls í lífi barnanna. Vinnutap foreldra vegna táknmálsnáms verður því bætt. (Nánari ákvæði um það hvernig standa skuli að því að fullnægja þessum skyldum er að finna í ýmsum lögum, einkum á sviði menntamála en einnig í lögum um málefni fatlaðra og (vinnumarkaðslögum)). Hér er ekki verið að tala um „réttindi umfram aðra“ heldur lágmarks réttindi.

Eins og fyrr segir er þessi réttur ekki tryggður nú og reynslan sýnir að heyrnarlaus og heyrnarskert börn hafa í mörgum tilvikum alls ekki náð eðlilegum málþroska við upphaf grunnskóla. Þar sem táknmál er bannað beint eða óbeint eins og þegar það er ekki viðurkennt verða Döff valdalausir þegar, gleymdur hópur sem lendir auðveldlega í stöðu eins og þeirri sem

lýst er í skýrslu Spanónefndarinnar. Lykill að því að upphefja þá fötlun sem getur skapast við heyrnarleysi er að viðurkenna táknmál og gera Döff fólki kleift að taka þátt í samfélaginu í gegnum íslenskt táknmál.

Í sérhæfðum leikskólum, móðurskólum, verði brunnur þekkingar á sameiginlegu námi og kennslu heyrandi og heyrnarlausra barna, ásamt sérfræðipækkingu á máltileinkun og kennslu barna í markhópnum. Í leikskólanum starfi sérfræðimenntaðir kennarar, svo og heyrnarlausir kennarar/starfsmenn sem móðurmálsfyrirmyndir. Einnig verði veitt heildstæð þjónusta í skólanum er varðar aðra sérfræðinga, s.s. talkennara, sjúkráþjálfara og iðjuþjálfara. Einnig þarf tulkþjónusta að vera til staðar vegna táknmálstalandi barna, starfsmanna og heyrnarlausra foreldra.

Myndaðir verði kjarnar með 6-8 börnum í skólanum, þar sem stefnt er á virkt tvítyngi starfsfólks og barna og táknmálskennsla veitt öllum börnum. Í skólanum fái markhópurinn markvissa íhlutun/kennslu eftir þörfum hvers og eins þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrám.

Skólinn sinni ráðgjafþjónustu við aðra leikskóla. Ráðgjöfin ætti að felast í hvernig kennarar og leikskólaumhverfið geti komið til móts við náms- og félagslegar þarfir barns úr markhópnum ásamt farsælu foreldrastarfi.

Skólinn starfar í nánú samstarfi við þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 26. gr. nógildandi laga.:

Fatlaðir skulu njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun. Iðju- og starfsþjálfun skal jafnframt veita á vernduðum vinnustöðum, sbr. 30. gr.

Heyrnarlausum og heyrnarskertum og þeim sem af öðrum ástæðum hafa þörf fyrir táknmál fái þjónustu á íslensku táknmáli.

Um læknisfræðilega endurhæfingu fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Nánari rökstuðningur með breytingum á 26. gr.

Eins og fram hefur komið hafa þau úrræði til að mynda til endurhæfing og starfsþjálfun og önnur úrræði sem stykja eiga þátttöku heyrnarlausra í daglegu lífi verið ómarkviss og ekki haft tilætlaðan árangur fyrir heyrnarlausa. Hefur kerfið ekki verið undir það búið að mæta þörfum þessara einstaklinga lítill skilningur verið á mikivægi þess að forsenda þess að heyrnarlausir geti nýtt sér þessa þjónustu sé að hún fari fram á táknmáli. Þá hefur verið deiltu um hver ætti að bera þann viðbótarkostnað sem hlýst af t.d. táknmálstúlkun eða sérhæfðum táknmálstalandi starfsmanni. Er afar brýnt að skýrt verði kveðið á um þennan rétt heyrnarlausra og þeim tryggð þjónusta á táknmáli þannig að tryggt sé að sú hæfing sem veitt er nýtist heyrnarlausum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 16. gr. frumvarpsins.

1. tölul. 1. mgr. 27. gr. verði svohljóðandi: „Styrk til verkfæra- og tækjakaupa, **þar á meðal styrkir til kaupa á sérhæfðum tækjum sem auka samskiptagetu og sjálfstæði heyrnarlausra til þátttöku í daglegu lífi**, eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Nánari rökstuðningur:

Með aukinni tækniþróun s.s. myndsimum og öðrum samskiptatækjum sem hægt er að nota til að tala saman á táknmáli hafa möguleikar heyrnarlausra til atvinnuþátttöku og annarrar þátttöku í daglegu lífi stóraukist. Árið 2004 lét félagsmálaráðuneytið vinna könnun á félagslegri stöðu heyrnarlausra. Könnuninni var ætlað að draga upp heildstæða mynd af högum og aðstæðum heyrnarlausra auk þess sem niðurstöðurnar voru, þar sem við átti, bornar saman við könnun á félagslegum aðstæðum heyrnarlausra frá árinu 1988. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að heyrnarlausir byggju við ákveðna félagslega einangrun en sem áður hefði hópurinn mikil samskipti innbyrðis. Samskipti heyrnarlausra við heyrandi einstaklinga höfðu þó aukist frá því sem kom fram í fyrri könnun og þ.a.l. hafði nokkuð dregið úr félagslegri einangrun. Var talið að rekja mætti þetta til aukins áhuga almennings á að læra táknmál, aukinna réttinda heyrnarlausra, aukins framboðs textaðs efnis í sjónvarpi og tækni framfara í fjarskipta- og tölvumálum. Frá árinu 2004 hafa myndsímar komið til sögunnar sem mun fleiri heyrnarlausir geta nýtt sér þar sem slík tækni krefst ekki kunnáttu í íslensku en könnun sem hér er vísað til varpar m.a. ljósi á bága menntunarstöðu heyrnarlausra sem er mun lægri en almennt gengur og gerist.¹ Að lokum skal það tekið fram að fulltrúar Félags heyrnarlausra eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir þeim breytingartillögum sem hér eru lagaðar fram.

Virðingarfyllst,

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður

Heiðdís Dögg Eiríksd.



FÉLAG HEYRNARLAUSRA
Suðurlan-Ísbraut 24-108 Reykjavík
Kt. 600776-0379

Daði Hreinsson
framkvæmdastjóri

¹ Sjá nánar skýrslu nefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 26/2007, áfangaskýrslu nr. 1, könnun á starfssemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992.